



Árshlutauppgjör 3F 2024

María Björk Einarsdóttir og Óskar Hauksson

22. október 2024

ÚTILEGA

Lykiltölur úr rekstri

	3F 2024	9M 2024
Tekjur	6.955 m.kr. 3F 2023: 6.501 m.kr.	20.401 m.kr. 9M 2023: 19.082 m.kr.
EBITDA	1.915 m.kr. 3F 2023: 1.811 m.kr.	5.076 m.kr. 9M 2023: 4.536 m.kr.
EBITDA %	27,5% 3F 2023: 27,9%	24,9% 9M 2023: 23,8%
EBIT	864 m.kr. 3F 2023: 765 m.kr.	1.931 m.kr. 9M 2023: 1.445 m.kr.
Fjárfestingar	431 m.kr. 3F 2023: 342 m.kr.	2.494 m.kr. 9M 2023: 2.911 m.kr.

Nettó skuldir / 12M EBITDA*	Handbært fé	Eiginfjárhlutfall	Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta
1,54x 4F 2023: 0,95x	1.148 m.kr. 4F 2023: 1.810 m.kr.	45,5% 4F 2023: 52,1%	1.445 m.kr. 3F 2023: 1.579 m.kr.



Rekstur



Helsta úr rekstri á 3F

Áfram er tekjuvöxtur í lykilvörum þó að heldur hægi á aukningu samanborið við fyrri helming árs

- Talsverð fjölgun í farsímaáskriftum – Reikitekjur nánast óbreyttar á milli ára
- Góður vöxtur í sjónvarpi þar sem tekjur af Premium aukast um tæp 11% á milli ára
- Tekjur félaga sem voru yfirtekin á árinu eru í takt við væntingar

Kostnaður litast talsvert af gjaldfærslum vegna skipulagsbreytinga og forstjóraskipta

- Alls voru gjaldfærðar um 160 m.kr. vegna breytinga á fjórðungnum
- Á árinu nemur heildarkostnaður vegna skipulagsbreytinga 215 m.kr.


Fjármagnsgjöld hækka vegna aukinnar skuldsetningar sem tengist yfirtöku á félögum á auglýsingamarkaði




Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	3F			9M		
	2024	2023	%	2024	2023	%
Rekstrartekjur	6.955	6.501	7,0%	20.401	19.082	6,9%
Kostnaðarverð sölu	(4.166)	(4.113)	1,3%	(12.873)	(12.378)	4,0%
Rekstrarkostnaður	(1.925)	(1.623)	18,6%	(5.597)	(5.259)	6,4%
EBIT	864	765	12,9%	1.931	1.445	33,6%
Hrein fjármagnsgjöld	(292)	(126)	131,7%	(807)	(272)	196,7%
Tekjuskattur	(123)	(132)	-6,8%	(260)	(241)	7,9%
Hagnaður tímabils	449	507	-11,4%	864	932	-7,3%
EBITDA	1.915	1.811	5,7%	5.076	4.536	11,9%
Hagnaður á hlut	0,18	0,18	0,0%	0,34	0,31	9,7%


Rekstrartekjur



EBITDA




EBIT



Tekjur eftir starfspáttum



Starfspættir	3F				9M			
	2024	2023	Breyting	%	2024	2023	Breyting	%
Farsími	1.797	1.749	48	2,7%	5.115	4.854	261	5,4%
Gagnaflutningur	2.084	2.008	76	3,8%	6.213	5.963	250	4,2%
Sjónvarpsþjónusta	1.893	1.833	60	3,3%	5.809	5.466	343	6,3%
Vörusala	364	383	-19	-5,0%	1.187	1.261	-74	-5,9%
Annað	817	528	289	54,7%	2.077	1.538	539	35,0%
Samtals	6.955	6.501	454	7,0%	20.401	19.082	1.319	6,9%



Farsími: Farsímaþjónustu hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét. **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, talsímaþjónustu, upplýsingatækni og fjármálum. Tekjur Billboard falla hér undir.



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	30.09.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir.....	3.480	2.552
Leigueignir.....	2.014	732
Óefnislegar eignir.....	24.428	21.047
Aðrar eignir.....	544	431
Fastafjármunir	30.466	24.762
Birgðir.....	1.396	1.257
Viðskiptakröfur.....	2.420	2.279
Útlán.....	3.076	2.715
Aðrar skammtímakröfur.....	1.367	966
Handbært fé.....	1.148	1.810
Veltufjármunir	9.407	9.027
Eignir samtals	39.873	33.789

Skuldir og eigið fé	30.09.2024	31.12.2023
Eigið fé.....	18.157	17.600
Eigið fé	18.157	17.600
Vaxtaberandi skuldir.....	11.337	7.470
Leiguskuldbindingar.....	1.694	503
Tekjuskattskuldbinding.....	263	232
Langtímaskuldir	13.294	8.205
Vaxtaberandi skuldir.....	2.226	2.281
Viðskiptaskuldir.....	3.665	4.261
Næsta árs afborganir.....	814	276
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.717	1.166
Skammtímaskuldir	8.422	7.984
Eigið fé og skuldir samtals	39.873	33.789


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánnum




Eignfjárlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*



*Án stjórnvaldssektar sem greidd var 2020 og endurgreidd 2022

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	9M 2024	9M 2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður tímabils.....	1.931	1.445
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	3.145	3.091
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi.....	46	12
	<u>5.122</u>	<u>4.548</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	(299)	(405)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.823	4.143
Nettó greiddir vextir.....	(609)	(100)
Greiddir skattar.....	(372)	(630)
Handbært fé frá rekstri	3.842	3.413
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(2.494)	(2.911)
Útlán Símans Pay.....	(399)	(905)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé.....	(3.866)	0
Sala á verðbréfi.....	0	15.685
Fjárfestingahreyfingar	<u>(6.759)</u>	<u>11.869</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(499)	(499)
Viðskipti með eigin bréf.....	(854)	(2.187)
Útgreitt hlutafé.....	0	(15.580)
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(273)	(198)
Nettó breyting á lánum.....	<u>3.885</u>	<u>1.479</u>
Fjármögnunarhreyfingar	2.259	(16.985)
Breytingar á handbæru fé.....	(658)	(1.703)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(4)	(39)
Handbært fé í upphafi árs.....	1.810	3.721
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>1.148</u>	<u>1.979</u>

Yfirtaka Símans á þremur félögum á auglýsingamarkaði hafði talsverð áhrif á efnahag

- Eignir jukust um 6.450 m.kr. og þar af viðskiptavild um 4.400 m.kr.
- Skuldir jukust um 1.565 m.kr.

Til að fjármagna kaupin dró Síminn 3 ma.kr. á lánalínu sem félagið hefur átt ónýtt síðan árið 2021 en að auki voru afhent eigin bréf í Símanum fyrir 1 ma.kr. og það sem eftir stóð var greitt með handbæru fé

Gengið var frá stækkun á skuldabréfaflokki Símans á 1F sem er á gjalddaga 30. júní 2026

- Vextir flokksins eru 1M REIBOR + 1,3% álag og eru greiddir mánaðarlega
- Stækkun flokksins nam 1,5 ma.kr. og er heildarstærð nú 3 ma.kr.

Víxlaútboð fór fram þann 17. október sl. þar sem gefnir voru út víxlar að fjárhæð 1,3 ma.kr. á 9,57% flötum vöxtum

- Útboðið var endurfjármögnun á útboði frá 16. apríl þar sem vextir voru 10,10%



Útgáfurammi Símans í kauphöll er 6 ma.kr. og af því eru nú alls 5,3 ma.kr. nýttir

Fjárfestingar í Noona Iceland og útlánasafni verða að mestu fjármagnaðar með lántöku



Fjárfestingar

Fjárfestingar





Um starfsemina






Uppfært skipurit

Þann 16. september sl. var tilkynnt um breytingar á skipuriti

- Tvö ný svið urðu til og eitt lagt niður
- Auglýsingamiðlun er nýtt tekjusvið þar sem allar auglýsingalausnir Símans hafa sameinast undir stjórn Vésteins Gauta Haukssonar sem hefur tekið sæti í framkvæmdastjórn
- Miðlar er nýtt svið þar sem dagskrárgerð sjónvarps og markaðsmál sameinast undir stjórn Birkis Ágústssonar sem tekur sæti í framkvæmdastjórn
- Sviðið Sjálfbærni og menning var lagt niður og voru sjálfbærnimál færð til fjármálasviðs en verða áfram unnin þvert á félagið
 - Flokkunarreglugerð ESB og reglugerð um sjálfbærniupplýsingagjöf kalla á stórauðnar mælingar og upplýsingagjöf sem fjármálasvið mun leiða
 - Mannauðs- og samskiptamál heyra nú undir skrifstofu forstjóra





Sjónvarp Símans

Annað árið í röð frumsýnir Síminn flestar leiknar innlendar þáttaraðir

- Lubbi finnur málbein er vinsælasta efnið í Sjónvarpi Símans Premium en mikil eftirspurn er eftir vönduðu íslensku barnaefni
- Dimma hefur vakið mikla athygli en um er að ræða þætti sem framleiddir eru af CBS/Paramount og Símanum og byggja á bók Ragnars Jónassonar
- Hörður Magnússon tók við Vellinum, uppgjörspætti enska boltans og hafa breytingar á þættinum vakið jákvæð viðbrögð
- Síminn og Livey, ný íslensk streymisveita, hafa komist að samkomulagi um að Livey sé aðgengileg yfir sjónvarpsþjónustu Símans
 - Livey bjóða m.a. útsendingar frá ítalska, spænka og belgíska boltanum
 - Samstarfið við Livey er viðbót við ört vaxandi flóru rétthafa sjónvarpsefnis sem kjósa að miðla sínu efni yfir sjónvarpsþjónustu Símans milliliðalaust





Fjarskipti


- Áframhaldandi uppbygging 5G á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýliskjörnum í öllum landshlutum
- Frekari uppfærsla á 4G sendum um allt land sem tryggja aukinn hraða og betri upplifun
- Færanlegir sendar á flakki t.d. í miðbæ Reykjavíkur til að anna aukinni notkun í tengslum við Menningarnótt sem og í Reykjanesbæ í tengslum við Ljósanótt
- 2G og 3G kerfin verða kvödd í lok árs 2025
 - Jákvætt skref sem eykur t.d. öryggi farsímakerfa
 - Mikilvægt að heimili og fyrirtæki skipti út búnaði sem aðeins styður við eldri tækni fyrir þann tíma





Síminn Pay

- Útlán hjá Símanum Pay aukast nokkuð á þriðja ársfjórðungi eftir fremur hæga aukningu á fyrsta og öðrum ársfjórðungi
 - Stærsti hluti aukningar á fjórðungnum kemur til í júlí og ágúst
- Kaup Símans Pay á lánasafni er í ferli til þess að uppfylla öll skilyrði fyrir viðskiptunum
- Fyrirtækjakort Símans Pay fór formlega í loftið í byrjun september og hafa viðtökurnar verið framar vonum
 - Mikil þróun í gangi og spennandi nýjungar að koma út á næstunni
- Ný markaðsherferð fyrir Léttkortið fór í loftið sem undirstrikar sérstöðu kortsins á Íslandi
 - Eina kreditkortið sem ekki er með gjaldeyrisálag á erlendum færslum




Staða útlána Símans Pay í lok ársfjórðungs (m.kr.)




Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 21.10.2024	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	17,40%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	274.877.095	10,37%
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	258.771.439	9,76%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	205.422.187	7,75%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,64%
Birta lífeyrissjóður	105.467.528	3,98%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.830.504	3,35%
Stefnir - Innland hlutabréf hs.	88.375.521	3,33%
Lífeyrissjóður starfsm Rvborgar	71.407.033	2,69%
Stapi lífeyrissjóður	64.151.623	2,42%
10 stærstu hluthafar	1.767.943.185	66,71%
Aðrir hluthafar	756.278.071	28,54%
Samtals útistandandi hlutir	2.524.221.256	95,25%
Eigin bréf	125.778.744	4,75%
Heildarhlutafé	2.650.000.000	100,00%



Hluthafar

- Hluthafar voru 948 í lok 3F 2024
- Greiddur var 500 m.kr. arður 5. apríl 2024
- Hlutafé var lækkað 27. mars 2024 um 125.000.000 eigin hluti og er hlutafé í félaginu 2.650.000.000
- Síminn greiddi hluta kaupverðs Billboard með eigin bréfum í Símanum, eða samtals 101.153.146 hluti
- Endurkaup á fyrstu níu mánuðum ársins námu 854 m.kr.
- Síminn á 125.778.744 eigin hluti sem nemur 4,75% af útgefnu hlutafé
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 6,5% frá áramótum



Horfur 2024



Afkomuspá fyrir árið 2024

- Afkomuspá er óbreytt frá því sem birt var í kjölfar uppgjors 1F 2024
- Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna skipulagsbreytinga rúmist innan afkomuspár
- Tekjuþróun ársins er að mestu í takti við áætlun og sala hefur gengið vel í haust sem er alltaf mikilvægur tími fyrir sölustarf félagsins
- Innleiðing nýrra fyrirtækja hefur gengið vel og afkoma þeirra samkvæmt væntingum
- Ekki er gert ráð fyrir að Noona Iceland og kaup lánasafns verði hluti af rekstri á þessu ári

EBITDA	7,0 – 7,3 ma.kr.
EBIT	2,7 – 3,0 ma.kr.
Fjárfestingar	3,3 – 3,6 ma.kr.*



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.